

Tímamótabók.

(Life in the Stars).

Það er dálítið villandi að kalla Sir Francis Younghusband fornfræðing, eins og gert var hér í blaðinu um daginn. Hann er herforingi frægur, en hitt þykir mjær þó miklu merkilegra, að hann er framúrskarandi ferðamaður, landfræðingur og rithöfundur. Hann hefir verið þar sem hæst er manna bygð á jörðu hér, í Tibet og Pamir. Eru þær ferðir frægar. En Pamir hefir verið kallað þak veraldarinnar. Má því gera ráð fyrir að þar sje útsýni gott, og þess hefir hinn ágæti gáfumaður notið. Það verður auðveldara að skilja, vegna hvers það er einmitt þessi maður, sem skrifar um lífið á stjörnunum, og öðruvísi nokkuð, en áður hefir gert verið, þegar menn vita, að hátt upp til fjalla er miklu auðveldara til sambands við íbúa annara stjarna, heldur en þar sem láglent er. Bókin Life in the Stars (1927, Murray) er mjög merkileg og mun gera stórmikið gagn með því að vekja athygli víða um lönd á afarþýðingarmiklu efni. Svo þýðingarmiklu, að það mannkyn, sem áttar sig ekki á því, heldur unir við það sem mætti kalla moldvörpuheimspeki annarsvegar, en hjátrú hinsvegar, kemst ekki af Helvegi. Jeg héfi þegar gert dálítið til að auka athygli á þessari stórmerku bók, bæði í Evrópu og Ameríku, og vona, að einnig hér á landi verði sem flestir til að vilja sjálfir sjá, hversu mjög hún á skilið að henni sje veitt eftirtekt.

Bókin Life in the Stars mun greiða fyrir þeim skilningi, að á stjörnunum er goðheimur og andaheimur trúarinnar, og yfirleitt hin yfirnáttúrlegu tilverusvið dulspekinnar. En það eru hin miklu tímamót í sögu hvers mannkyns, þegar sú uppgötvun er gerð, og það mannkyn fer þá að fá miklu meiri og fullkomnara stjórn á lífum náttúrunnar. Þó, í samráði og samvinnu við lengra komna frændur sína, sem aðrar stjörnuur byggja.

18. des. 1927.

Helgi Pjeturss.

Lesb. 11/16/1.
Ch. 414 in 1927